

Seyðisfirði 17.maí 2024

Til Byggðaráðs Múlapings og byggingarfulltrúa, heimastjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar og annarra er málið varðar.

Við undirrituð, sem í tímans rás og með ýmsum hætti, höfum komið að mótun ásýndar Seyðisfjarðarkaupstaðar, viljum beina því til þar til bærra yfirvalda, að þegar ráðist verður í viðgerðir á ytrabyrði Félagsheimilisins Herðubreiðar í miðbæ kaupstaðarins, verði hugað að upprunalegu útliti hússins eins og frekast er unnt.

Við teljum ekki að fyrirhuguð ál-klæðning uppfylli þau skilyrði.

Í því tilliti er bent á þau mistök, sem gerð voru, þegar Sundhöll Seyðisfjarðar var klædd utan með Garðastáli.

Bæði þessi hús eru hönnuð af fremstu arkitektum þjóðarinnar um miðja síðustu öld.

Sundhöllin af Guðjóni Samúelssyni og Herðubreið af Gísla Halldórssyni.

Æskilegt er að bæði þessi merku hús verði færð sem næst því útliti, sem höfundar þeirra kusu þeim.

Pétur Ármannsson arkitekt og sviðsstjóri Húsverndarmála hjá Minjastofnun Íslands.

Hjörleifur Stefánsson arkitekt

Magnús Skúlason arkitekt og fyrrverandi forstöðumaður Húsfriðunarnefndar Ríkisins

Póra Bergný Guðmundsdóttir arkitekt

Bragi Blumenstein Arkitekt

Sesselja Hlín Jónasdóttir forstöðukona Herðubreiðar

Allar undirskriftir eru fengnar í samráði og með samþykki viðkomandi.



